

# Tvær nýjar reglugerðir sem tengjast Sögu

## Ný lyfjareglugerð

### Ný lög um þungunarrof

#### Ný lyfjaávisun

[Ný lyfjareglugerð](#) tók gildi 1. september 2019 og er komin ný lyfjaávisanagátt. Athugið að það má alls ekki virkja þessa nýju leið í Sögu fyrr en Origo Heilbrigðislausnir hafa samband við ykkur að fyrra bragði. Við munum innleiða þetta smátt og smátt til að byrja með og senda leiðbeiningar til þeirra sem við á eftir því hvern er verið að innleiða.

#### Ný lög um þungunarrof

[Ný lög um þungunarrof](#) tóku gildi 31. ágúst 2019. Vegna þessara laga höfum við breytt ICD-10 kóðum í Sögu en einnig þarf að óvirkja eyðublað í Sögu og skoða leiðbeiningar sem Embætti landlæknis hefur gefið út. Hér fyrir neðan er hlekkur á Sögustundina sem gefur leiðbeiningar um hvernig skal óvirkja blaðið í Sögu og hlekkur á leiðbeiningarnar frá Embætti landlæknis.

- [Sögustund um óvirkjun eyðublaðs](#)
- [Leiðbeiningar frá Embætti landlæknis um skráningu á þungunarrofi](#)

Origo Heilbrigðislausnir munu óvirkja þetta eyðublað í öllum Sögugrunnum frá og með næstu mánaðamótum september/október ef kerfisstjórar treysta sér ekki til þess að gera það sjálfir.

Með kveðju

Origo – Heilbrigðislausnir